



Tillaga formanna landssambanda og stærstu aðildarfélaga

UM breytingar á lögum ASÍ varðandi réttindi í sjúkrasjóðum aðildarfélaganna og áframhaldandi vinnu að tryggingaréttindum launafólks

Málsnúmer: 2005060009

Lágmarksbreytingar

1.mgr. 44.gr. verður óbreytt en hún er svo hljóðandi:

Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð¹, enda hafi hann fram að því rétt hjá fyrra félaginu.

2.mgr. 44.gr. verði breytt:

Núverandi ákvæði hljóðar svo:

Öllum félögum innan sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóði félagsins reglugerð sem skal hljóta staðfestingu miðstjórnar ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun um reglugerðina hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum sem ársfundur samþykkir. Um skil og gerð ársreikninga fer skv. 41.gr.

Eftir breytingar hljóði það svona:

Öllum félögum innan sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóðum félaganna reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu miðstjórnar ASÍ og standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun sína hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum sem ársfundur samþykkir. Breytingar á reglugerðum sjóðanna skulu sendar skrifstofu ASÍ.

Við 44.gr. verði bætt nýrri málsgrein sem verði 3.mgr:

Um skil og gerð ársreikninga fer skv. 41.gr. laga þessara.² Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjúkrasjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal skila skrifstofu ASÍ úttekt þessari með ársreikningi viðkomandi árs.³

Við 44.gr. verði bætt nýrri málsgrein í 7 liðum sem verði 4.mgr:

Sjúkrasjóðir aðildarfélaganna skulu tryggja sjóðfélögum sem 1% iðgjald hefur verið greitt af í a.m.k. 6 mánuði, lágmarksbætur í veikinda- og slysatilfellum sem hér segir:

¹ Umræðu um að lengja þetta tímabil eða breyta með öðrum hætti var frestað.

² Var áður lokamálsliður 2.mgr. 44.gr. en er nú flutt í nýja málsgrein með skyldu efni.

³ Þetta er að efni til gr. 6.2 í leiðbeinandi reglugerð fyrir sjúkrasjóði innan ASÍ.



- a. Dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum í 120⁴ daga, að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bóttum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- b. Dagpeninga í 90 daga, að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greinarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.
- c. Dagpeninga í 90⁵ daga vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.
- d. Eingreiddar dánarbætur⁶ við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 180.000.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttthafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við launavísitölu pr. 1.7 2006 og tekur sömu breytingum og hún.
- e. Daga fjölda greiddra dagpeninga skv. a⁷ lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.
- f. Dagpeninga skv. a, b og c lið er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu.
- g. Réttur skv. a, b og c lið endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum líkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.

⁴ Núverandi réttur í sjúkrasjóðunum er að jafnaði 120 til 180 dagar.

⁵ Að jafnaði fer um þennan rétt skv. mati hverju sinni og getur þessi réttur verið frá því að vera um það bil helmingur þess sem á við um eigin veikindi og slysaforföll sjóðfélaga (60-90 dagar) og til þess að vera sami eða svipaður dagafjöldi (120 -180 dagar).

⁶ Eingreiddar dánarbætur sjúkrasjóðanna eru undanþegnar tekjuskatti skv. 2.tl. 28.gr. tskl. Útfararstyrkir sjúkrasjóðanna eru skattskyldir en undanþegnir staðgreiðslu.

⁷ Ekki er gerð tillaga um samkynja lækkun dagpeninga vegna langveikra barna og maka skv. b og c lið.

Við 44.gr. verði bætt nýrri málsgrein sem verði 5.mgr.:⁸

Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum⁹ verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar skv. 4.mgr. eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

Með 44.gr. komi sérstakt gildistökuákvæði:

4.mgr. 44.gr. tekur gildi 1.7 2006 m.v. réttindaávinnslu frá 1.1 2006. Skila skal staðfestingu tryggingafræðings skv. 3.mgr. 44.gr. í fyrsta sinn á árinu 2007 með ársreikningum fyrir fjárhagsárið 2006.

b.lið 2.mgr. 11.gr. verði breytt og hljóði svo: (viðbætur feitletraðar).

Að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um tillögu um að félagið / **einstakir sjóðir þess** / landssambandið verði sameinað öðru félagi / **sjóði** / **landssambandi**.

Áframhaldandi vinna

Með ofangreindum tillögum eru lagt til að lágmarksréttindi í sjúkrasjóðum aðildarfélaga ASÍ verði bundin í lög ASÍ. Jafnframt er lagt til að Lífeyris- og trygginganefnd ASÍ verði falið að vinna áfram að heildstæðum og samræmdum réttindum launafólks, byggðum á samtryggingu.

Nefndin kanni m.a. hvernig auka megi tryggingavernd launafólks í sjúkrasjóðunum, samstarf þeirra í milli, flutning réttinda, réttindaávinnslu og hvert hámark rekstrarkostnaðar sem hlutfalls af tekjum sjóðanna skuli vera. Jafnframt verði samspil kjarasamningsbundins veikinda- og slysaréttar, bóta á grundvelli almennra skaðabótareglna, tryggingaverndar í sjúkrasjóðunum og örorkulífeyrisréttinda í lífeyrissjóðunum aðildarfélaganna kannað með það fyrir augum að skapa heildstæð, *samræmd og betri réttindi launafólks*.

⁸ Greiðslur til sjúkrasjóðs byggja á kjarasamningi verkalýðsfélags og samtaka launagreiðenda. Sama spurning rís því og í lífeyrissjóðunum um réttindi launamanns við vanskil á iðgjöldum, vanskil sem launamaður hefur ekki heimild til að innheimta en sem greiða á vegna hans. Telja má æskilegt að þessu vandamáli sé mætt í sjúkrasjóðunum með svipuðum hætti og í lífeyrissjóðunum og þá mætti bæta eftirfarandi ákvæði í lög ASÍ.

⁹ Orðin “reglulega útgefnum” er valið til þess að leggja áherslu á, að ekki sé ásættanlegt að gögn og greiðslur séu útbúin eftirá, í því skyni að stofna til réttar sem menn höfðu áður kosið að forðast stofnun á.